



# Aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Þjálfun starfsmanna

## Hvað er peningþvætti?

Peningþvætti er þegar einstaklingur eða lögaðili:

- tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings af broti sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum, eða
- umbreytir slíkum ávinningi, flytur, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu, ráðstöfun eða flutningi ávinningsins, eða
- stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum.

## Hvað er frumbrot peningþvættis?

Frumbrot eru brot sem geta leitt af sér ólöglegan ávinning eða annan ágóða sem reynt er að þvætta. Frumbrot peningþvættis geta verið öll brot á almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Dæmi um algeng frumbrot peningþvættis eru fjársvik, fjárdráttur, skattalagabrot, fíkniefnabrot, spillingarbrot o.fl.

## Hvað er sjálfþvætti?

Þegar sami aðili fremur frumbrot og þvættar sjálfur ólöglegan ávinning er um sjálfþvætti að ræða. Sjálfþvætti getur varðað allt að 6 ára fangelsi skv. 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.

## Hvað er fjármögnun hryðjuverka?

Öflun fjár í þeim tilgangi eða með vitneskju um að nota eigi það til að fremja brot sem er refsivert skv. 100. gr. a – 100. gr. c almennra hegningarlaga.

## VIÐURLÖG

Samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga varðar peningþvætti allt að 6 ára fangelsi sé um ásetning að ræða og allt að 6 mánaða fangelsi sé um gáleysi að ræða sbr. 4. mgr.

Refsað er samkvæmt almennum hegningarlögum fyrir brot gegn 264. gr. sem framið er innan íslenska ríkisins enda þótt frumbrotið sem ávinningur stafi frá hafi verið framið erlendis, og án tillits til hver var að því valdur.

Sé um ávinning af fíkniefnabroti að ræða getur refsing orðið allt að 12 ára fangelsi samkvæmt 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga

Fjármögnun hryðjuverka varðar allt að 10 ára fangelsi samkvæmt 101. gr. b almennra hegningarlaga.

## STÝRIHÓPUR OG ÚTGÁFA

### Stýrihópur um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Eftirfarandi stjórnvöld eiga fulltrúa í stýrihópnum: Dómsmálaráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, utanríkisráðuneytið, Seðlabanki Íslands, Fjármálaeftirlitið, lögregla höfuðborgarsvæðisins, ríkislögreglustjóri, héraðssaksóknari, peningþvættisskrifstofa, skattrannsóknarstjóri, tollstjóri, Neytendastofa, eftirlitsnefnd fasteignasala og endurskoðendaráð.

### Kynningarefni

Allt kynningarefni sem stýrihópur um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka hefur gefið út eru aðgengilegt á heimasíðu dómsmálaráðuneytisins.



## Hverjir eru tilkynningarskyldir aðilar?

Tilkynningarskyldir aðilar eru þeir sem eru taldir upp í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Þetta eru: Fjármálafyrirtæki, líftryggingarfélag, lífeyrissjóðir, váttryggingamiðlarar og váttrygginga-umboðsmenn þegar þeir miðla líftryggingum, lögmenn og lögfræðingar þegar þeir bjóða upp á tiltekna þjónustu, endurskoðendur, fasteigna-, fyrirtækja- og skipasalar, aðilar á sviði fjárvörslu og fyrirtækjaþjónustu, aðilar sem hlotið hafa starfsleyfi á grundvelli laga um happdrætti, eða til reksturs fjársafnana og happdrætta á grundvelli sérlaga, greiðslustofnanir og umboðsaðilar þeirra, rafeyrisfyrirtæki, þjónustuveitendur sem bjóða upp á viðskipti milli sýndarfjár, rafeyris og gjaldmiðla, þjónustuveitendur stafrænna veskja og einstaklingar eða lögaðilar sem í atvinnuskyni selja hluti sem greitt er fyrir með reiðufé (umfram 15.000 EUR), hvort sem viðskiptin fara fram í einni greiðslu eða fleiri sem virðast tengjast hver annarri en undir það falla m.a. bílasalar, uppboðshús og seljendur eðalmálma- og steina.

## ÞJÁLFUN STARFSMANNA

### Skylda til að þjálfa starfsmenn

Samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka skulu tilkynningarskyldir aðilar sjá til þess að starfsmenn hljóti sérstaka þjálfun í aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Tilkynningarskyldir aðilar skulu innleiða skýra stefnu um þjálfun starfsmanna. Þetta á við um nýja starfsmenn og starfsmenn í tímabundnu starfi, og reglubundna þjálfun annarra starfsmanna.

### Hvenær á þjálfun að fara fram?

Þjálfun skal fara fram við upphaf starfstíma og svo reglulega á starfstímanum.

Með reglulega í þessu sambandi er átt við að almenn þjálfun þurfi að fari fram að lágmarki einu sinni á ári og eftir atvikum einnig við sérstakar aðstæður, t.d. ef breytingar verða á regluverki, áhættumati eða aðferðum við peningabætti og fjármögnun

hryðjuverka. Það fer síðan eftir áhættu, eðli og stærð tilkynningarskylda aðilans hvort þörf sé á sértækari þjálfun fyrir tiltekna starfsmenn oftast en einu sinni á ári. Hjá stærri tilkynningarskyldum aðilum kann að vera tilefni til að vera með viðvarandi símenntun.

### Hvers vegna þjálfun?

Þjálfun starfsmanna er eitt af lykilatriðum í aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og er hluti af virku innra eftirliti tilkynningarskyldra aðila.

Starfsmenn þurfa að vera meðvitaðir um hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og geta komið auga á óeðlileg viðskipti eða millifærslur sem geta talist grunsamlegar. Það er jafnframt forsenda þess að hægt sé að nýta eftirlitskerfi og gagnagrunna hjá hinum tilkynningarskylda aðila.



## Hvaða starfsmenn eiga að hljóta þjálfun

Þjálfar skal alla starfsmenn, þar á meðal umboðsmenn, dreifingaraðila og starfsmenn útibúa. Þjálfunin skal taka mið af áhættu, eðli og stærð tilkynningarskylds aðila.

## ÞJÁLFUN OG FRÆÐSLA STARFSMANNA

### Hver ber ábyrgð á þjálfun?

Yfirstjórn tilkynningarskylds aðila ber að tryggja að starfsmenn hljóti viðeigandi þjálfun.

### Markmið þjálfunar

Markmið fræðslu og þjálfunar er að tryggja að starfsmenn þekki skyldur tilkynningarskyldra aðila samkvæmt lögum, m.a. um áreiðanleikakönnun viðskiptamanna, reglubundið eftirlit og rannsóknar- og tilkynningarskyldu.

### Áætlun um þjálfun

Mikilvægt er að allir tilkynningarskyldir aðilar hafi til staðar áætlun um hvernig þjálfun verði háttað. Í slíkri áætlun ætti t.d. að koma fram:

- almenn stefna um þjálfun starfsmanna
- áætlun um þjálfun starfsmanna næstkomandi ár
- tegundir þjálfunaraðferða og gæðaprófun þeirra
- fjöldi starfsmanna sem skulu gangast undir þjálfun og þeirra sem hafa þegar hlotið slíka þjálfun
- mat á þörf og tíðni þjálfunar, t.d. eftir starfssviðum, einstökum rekstrareiningum, tegundum viðskiptamanna eða verkefnum
- athugasemdir varðandi þjálfun sem þarf að bæta og þarfnast sérstakrar endurskoðunar

### Efni fræðslu

Fræða skal starfsmenn um hvernig starfsemi hins tilkynningarskylda aðila kann að vera notuð til að þvætta fé og við fjármögnun hryðjuverka og hvaða aðgerðir eru áætlaðar til að varna því.

Tryggja skal að starfsmenn og stjórnendur hafi vitneskju um:

- löggjöf, stjórnvaldsfyrirmæli, leiðbeinandi tilmæli og innri reglur um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka
- hverjar skyldur þeirra í tengslum við aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka eru, m.a. hver séu rétt viðbrögð gagnvart viðskiptamönnum og innan tilkynningarskylds aðila, ef grunur kemur upp um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka
- hver sé ábyrgðarmaður og hvert sé hlutverk hans og ábyrgð
- hver sé staðgengill ábyrgðarmanns ef hann er til staðar
- hvaða afleiðingar það getur haft fyrir tilkynningarskyldan aðila, starfsmenn hans og viðskiptamann, ef reglur á þessu sviði eru ekki virtar
- hvar helstu hættur á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka liggja
- nýjustu aðferðir við peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og þróun málaflokksins



## FRÆÐSLA STARFSMANNA

### Hvernig á þjálfun og fræðsla að fara fram?

Til þess að þjálfun beri árangur er nauðsynlegt að hún fari a.m.k. fram með fræðslufundum eða námskeiðum sem miða eingöngu að fræðslu um þætti sem tengjast þessum málaflokki. Í einhverjum tilvikum kann að vera nauðsynlegt að láta starfsmenn þreyta próf til þess að kanna þekkingu þeirra á málaflokknum.

Þjálfun starfsmanna getur verið með ýmsum hætti. Sem dæmi má nefna vefnámskeið, myndbönd, hópnámskeið og útgáfu leiðbeininga hvort sem það er á skriflegu eða rafrænu formi.

Endurmeta skal reglulega þörf á þjálfun starfsmanna og uppfæra fræðslu- og kynningarefni.

### Grunsamleg viðskipti

Mikilvægt er að starfsmenn fái þjálfun í að þekkja grunsamleg viðskipti og fái leiðsögn í því hvernig bregðast skal við.

Dæmi um grunsamleg viðskipti sem starfsmaður þarf vera sérstaklega meðvitaður um:

- millifærslur sem virðast hvorki hafa fjárhagslegan eða lögmætan tilgang
- notkun á reikningi viðskiptamanns er ekki í samræmi við upplýsingar sem veittar voru við stofnun reikningsins
- notkun erlendra reikninga, fjárvörslusjóða eða sambærilegra aðila án sýnlegs fjárhagslegs eða lagalegs tilgangs
- viðskipti eru óvenjuleg, mikil eða flókin, með hliðsjón af venjubundinni starfsemi viðskiptamannsins

- viðskipti við einstakling eða lögaðila sem ekki er venja fyrir að stundi viðskipti í tiltekinni starfsemi
- millifærslur til og frá áhættusömum ríkjum, ríkjum sem gera strangar kröfur til bankaleyndar eða lítið gagnsæi
- röð viðskipta eða millifærslna sem eru rétt undir lögmæltum mörkum
- viðskiptavinur notar viðskiptasamband eingöngu fyrir eina millifærslu eða til mjög skamms tíma
- umfang fjármuna, reiðufjár eða viðskipta er ekki í samræmi við fjárhagsstöðu viðskiptamanns
- aðferðir til að dylja raunverulegt eignarhald

### Hvað er grunur um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka?

Með hugtakinu grunur er vísað til lægsta stigs gruns, þ.e. að sérhver grunur, óháð því hve mikill hann er, uppfyllir skilyrði um grun. Nægjanlegt er að grunur sé til staðar um að fjármuni kunni að mega rekja til refsiverðrar háttsemi, burtséð frá því hvort sá grunur reyndist síðar meir hafa verið reistur á fullnægjandi rökum.

### Hvað á starfsmaður að gera verði hann var við grunsamleg viðskipti?

Starfsmaður skal tafarlaust tilkynna grunsamleg viðskipti til ábyrgðarmanns fyrirtæksins vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Ábyrgðarmaður leiðbeinir starfsmanni um næstu aðgerðir.

